

Ed.

232. Frumvarp til laga

[162. mál]

um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

Ríkið ábyrgist samkvæmt lögum þessum greiðslu á launakröfum á hendur vinnuveitenda, sem úrskurðaður hefur verið gjaldþrota.

2. gr.

Ábyrgðin tekur til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Sama gildir um bætur vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi svo og orlofsgreiðslur.

Hafi launþegi krafist gjaldþrotaskipta vegna vanskila á greiðslum þeim, sem um ræðir í 1. málsgrein þessarar greinar, tekur ábyrgðin til alls nauðsynlegs kostnaðar, sem honum er skylt að greiða í því sambandi.

Launþegi, sem hlut á í fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, getur þó ekki fengið greiðslu úr ríkissjóði á launum hjá því fyrirtæki samkvæmt lögum þessum. Sama á við um forstjóra fyrirtækis, þótt hann eigi ekki hlut í því, svo og þá, sem setið hafa í stjórn gjaldþrotafélags, eftir að fjárhag þess tók verulega að halla.

Ráðherra getur þó ákveðið með reglugerð, að 3. mgr. greinar þessarar taki ekki til þeirra, sem eiga aðeins óverulegan tiltekinn hlut í hlutafélagi eða fyrirtæki og fara ekki með umboð annarra hluthafa.

Greiðsla samkvæmt grein þessari til hvers launþega getur í hæsta lagi numið þreföldum lágmarkstekjum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 96 27. des. 1971.

3. gr.

Ábyrgðin tekur einungis til kröfu, sem lýst hefur verið lögformlega við gjaldþrotaskipti. Þetta gildir þó ekki um bú, sem reynast eignalaus og innköllun því ekki gefin út. Krafa um ábyrgð vegna ógreiddra vinnulauna í slíkum búum skal gerð eigi síðar en ári eftir að skiptameðferð lýkur. Í þessum tilvikum skal réttmæti launakröfu sannað með þeim hætti, sem ráðuneytið metur gildan.

4. gr.

Félagsmálaráðuneytið innir af hendi greiðslur þær, sem ríkissjóði ber að greiða samkvæmt lögum þessum. Þegar greiðsla er innt af hendi samkvæmt reglum þessara laga, skal halda eftir því, sem skylt er, á sama hátt og við útborgun launa hjá vinnuveitanda.

Ráðuneytið má eigi inna af hendi greiðslu fyrr en úrskurður um gjaldþrotaskipti hefur gengið og eigi heldur fyrr en krafa launþega er komin í gjalddaga. Greiðslu á kröfu til launa í uppsagnarfresti má inna af hendi mánaðarlega eftir á, uns hún er að fullu greidd. Gagnkröfur, sem til greina ber að taka við launagreiðslur samkvæmt lögum, skulu dregnar frá greiðslum samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Kröfur á hendur ríkissjóði um greiðslu á launum samkvæmt lögum þessum ber að senda félagsmálaráðuneytinu innan árs frá lokum innköllunarfrests í þrotabúinu, sbr. þó 3. gr.

6. gr.

Kröfu, sbr. 5. gr., skulu fylgja upplýsingar skiptaráðanda um þau atriði, sem varða réttmæti kröfu og skilyrði þau, sem sett eru í lögum þessum fyrir því, að greiða beri kröfuna úr ríkissjóði.

7. gr.

Ráðuneytið annast greiðslu þeirra krafna, sem því berast, sbr. 5. gr., og fullnægja skilyrðum lagaanna um greiðsluskyldu innan fjögurra vikna frá því að krafan barst ráðuneytinu.

Nú telur ráðuneytið vafa leika á réttmæti kröfu, og getur það þá krafist þess, að kröfuhafi láti því í té úrskurð skiptaréttar um réttmæti hennar.

8. gr.

Ríkissjóður á rétt til endurgreiðslu úr þrotabúi skuldara á þeim fjárhæðum, sem það hefur innt af hendi samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti sem eignir búsins hrökkva til samkvæmt úthlutun skiptaráðanda. Endurkrafa ríkissjóðs nýtur sama forgangsréttar í þrotabúinu sem sú krafa, er hann leysti til sín. Fyrnist sá réttur ekki, meðan endurkrafan er ófyrnd.

Ráðuneytið tilkynnir skiptaráðanda um greiðslur, sem það hefur innt af hendi samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Nú framselur launþegi kröfu, sem um ræðir í 2. gr., og glatast þá réttur til greiðslu úr ríkissjóði, nema krafan hafi verið framseld hlutaðeigandi samtökum atvinnurekenda eða launþega, eftir að úrskurður um gjaldþrot var kveðinn upp.

10. gr.

Hafi launþegi gefið rangar upplýsingar eða þagað um atriði, sem máli skipta í sambandi við greiðslu úr ríkissjóði, ber launþega að endurgreiða það, sem hann hefur ranglega fengið.

Sé um vítavert athæfi að ræða, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

11. gr.

Opinber stjórnvöld, vinnuveitendur og stéttarfélag skulu eftir beiðni ráðuneytisins veita upplýsingar, sem þýðingu hafa við ákvörðun um greiðslu samkvæmt lögnum.

12. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari ákvæði varðandi framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir löggjöf, sem tryggji, að vinnulaun fái greidd þrátt fyrir gjaldþrot atvinnurekenda. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist þessar launagreiðslur og inni þær af hendi að fullnægðum þeim skilyrðum, sem sett eru í frumvarpinu um greiðslu á launum við gjaldþrot.

Við samningu frumvarpsins hefur verið stuðst við lög um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot, sem sett voru í Svíþjóð 11. desember 1970 og gengu í gildi 1. janúar 1971. Enn fremur hefur verið höfð hliðsjón af dönskum lögum um þetta efni frá 13. apríl 1972 og uppkasti að frumvarpi um þetta efni í Noregi.

Í sænsku lögnum er gert ráð fyrir því, að ríkið annist greiðslur launaskulda vinnuveitenda, sem verða gjaldþrota. Um fjáröflun í þessu skyni gilda í Svíþjóð sérstök lög frá 11. des. 1970, sem gera ráð fyrir sérstökum skatti, sem lagður er á vinnuveitendur og rennur í sérstakan sjóð, sem endurgreiðir ríkissjóði útlagðan kostnað vegna laganna.

Í dönsku lögnum er gert ráð fyrir Tryggingasjóði launþega, sem ætlað er það hlutverk að tryggja kröfur launþega við gjaldþrot og þegar stöðvun verður á

atvinnurekstri, enda sé þá sannað, að vinnuveitandi sé ekki fær um að greiða kröfuna. Að þessu leyti eru ákvæði dönsku laganna rýmri en sænsku lögin, sem aðeins gera ráð fyrir ábyrgð á greiðslu launa, þegar um gjaldþrot er að ræða. Í dönsku lögnum er gert ráð fyrir, að vinnuveitendur greiði sérstakt gjald til sjóðsins, eins og sænsku lögin gera líka ráð fyrir. Stjórn sjóðsins skal vera í höndum Viðbótarlífeyris vinnumarkaðarins samkvæmt dönsku lögnum, en í sænsku lögnum segir, að ábyrgðargreiðslur skuli inntar af hendi af því stjórnvaldi, sem konungur ákveður.

Í norska uppkastinu að lögum um ríkisábyrgð á launakröfum í sambandi við gjaldþrot o. fl. er gert ráð fyrir sérstökum skatti á atvinnurekendur til þess að standa undir útgjöldum vegna laganna og skattur þessi verði viðbótarskattur til almannatrygginganna. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði kröfurnar. Í þessu frumvarpi, er gert ráð fyrir enn rýmri ákvæðum varðandi þessar launagreiðslur en í dönsku lögnum.

Það er mjög erfitt að gera grein fyrir þeim kostnaði, sem legðist á ríkissjóð, ef frumvarp það, sem hér liggur fyrir, yrði lögfest. Þetta er áreiðanlega mjög breytilegt eftir því, hvernig árar hjá atvinnuvegum þjóðarinnar. Í stað þess að lögfesta sérstakt gjald til þess að standa undir þessum kostnaði væri eðlilegt að hækka launaskatt þann, sem innheimtur er. Þess má geta í þessu sambandi, að í Norðurlandaráði hefur verið lagt til, að fjár sé aflað í þessu skyni með eins konar launaskatti, sem væntanlega væri nægilegt að næmi 0,5%, eins og segir í Medlemsförslag om löneskydd ved konkurs (19. session 1971).

Hér er ekki gert ráð fyrir sérstökum sjóði og sjóðsstjórn til þess að fara með málið. Hins vegar er lagt til, að launin verði greidd beint úr ríkissjóði eftir ávísun félagsmálaráðuneytisins. Væntanlega er þessi skipan einföld í framkvæmd og ekki eins kostnaðarsöm og rekstur sérstakrar stofnunar í þessu skyni.

Verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 1. gr. sænsku laganna.

Eins og áður segir eru dönsku lögin rýmri en hér er gert ráð fyrir, þar eð þau gera ráð fyrir launagreiðslum, þótt ekki sé um gjaldþrot að ræða, ef atvinnurekstur er stöðvaður, enda sé þá sannað, að vinnuveitandi sé ekki fær um að greiða kröfuna. Slik sönnun er varla óyggjandi, nema fyrir liggi árangurslaust fjárnám, sem veitir fjárnámshafa rétt til að krefjast gjaldþrotaskipta hjá skuldara. Þar eð sænsku ákvæðin eru að þessu leyti skýrari, er lagt til, að þeim verði fylgt hér.

Vinnuveitandi er að sjálfsögðu einstaklingur, félag og hvers konar fyrirtæki.

Um 2. gr.

Grein þessi er að efni til að mestu samhljóða 2. gr. sænsku laganna, en í 3. mgr. er þó hér lagt til, að launþegi, sem á hlut í fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, geti ekki fengið greiðslu úr ríkissjóði á launum hjá því fyrirtæki, sbr. athugasemdir við 2. gr. í frumvarpi að dönsku lögnum. Hér er þó enn fremur lagt til, að sama gildi um forstjóra fyrirtækis, þótt hann eigi ekki hlut í því, svo og þá, sem setið hafa í stjórn gjaldþrota félags, eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Nokkur vafi getur verið á því, hvort launakröfur síðast nefndra aðila eru forgangskröfur í þrotabú, en hvort sem svo er eða ekki sýnist ástæðulaust, að ríkissjóður ábyrgist þær.

Að því er tekur til hluthafa er þó gert ráð fyrir, að þessi regla gildi ekki fortakslaust. Í 4. mgr. greinarinnar er því gert ráð fyrir því, að ráðherra geti með reglugerð ákveðið, að hún taki ekki til þeirra, sem eiga aðeins óverulegan tiltekin hlut í fyrirtæki eða hlutafélagi, sem þeir vinna hjá, og fara ekki með umboð annarra hluthafa. Þykir nauðsynlegt og sanngjarnt að gera þessar undantekningar frá aðalreglunni, einkum með tilliti til launþega, sem eiga smáa hluti í almenningshlutafélögum, sem þeir vinna hjá.

Í sambandi við ákvæðið um forgangsrétt er ástæða til að benda á tvennt í 8 kafla laga nr. 3/1878. Í fyrsta lagi kæmi til álita að láta kröfur þær, sem ræðir um í frumvarpi þessu, þ. e. vinnulaun, koma í skuldaröð næst á eftir útfararkostnaði og skiptakostnaði. Breyting var gerð á dönskum lögum í þessa átt með lögum frá 18. júní 1969. Ef þetta væri gert, yrðu launakröfur betur tryggðar en þær eru nú. Í öðru lagi væri til bóta, að í stað þess, að launakröfum er nú tryggður forgangs-réttur í eitt ár, væri hann stytur t. d. í sex mánuði. Slík breyting mundi leiða til styttingar á því óreiðutímabili, sem oft er undanfari gjaldþrotaskipta. Ef þessar ábendingar yrðu teknar til greina, þyrfti að breyta skiptalögnum.

Kröfur samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. yrði ekki, eða a. m. k. ekki alltaf, for-gangskröfur. Ríkisábyrgð samkvæmt þessu ákvæði gæti því leitt til greiðslna, sem einungis yrði hægt að endurkrefja úr þrotabúinu sem almennar kröfur.

Um 3. gr.

Efnislega samhljóða sænsku lögunum í höfuðatriðum.

Um 4. gr.

Lagt er til, eins og fyrr greinir, að félagsmálaráðuneytið inni af hendi greiðslur þær, sem ríkissjóði ber að greiða. Að öðru leyti eru ákvæði þessarar greinar mjög í samræmi við sænsk lög.

Um 5.—7. gr.

Greinar þessar geyma reglur, sem mæla fyrir um hlutverk ráðuneytisins við framkvæmd laganna.

Um 8.—11. gr.

Ákvæði þessi eru í samræmi við ákvæðin í sænsku og dönsku lögunum og í norska frumvarpsuppkastinu.

Um 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.